

# LÁNAREGLUR LÍFEYRISSJÓÐS TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

## 1. Gildissvið

- 1.1. Reglur þessar taka til útlána Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ) til sjóðfélaga sem eiga rétt til lántöku samkvæmt reglum þessum.
- 1.2. LTFÍ veitir lán gegn skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign í þeim tilgangi að ávaxta eignir sjóðsins.

## 2. Lánsréttur

- 2.1. Allir sjóðsfélagar sem hafa greitt iðgjöld til sjóðsins síðustu 6 mánuði geta fengið lán úr sjóðnum. Heimilt er að skrá sjóðfélaga ásamt maka hans eða aðila sem hann er í sambúð eða staðfestri samvist með sem lántakanda.

## 3. Lánskjör

- 3.1. Sjóðfélagalán eru verðtryggð og bera fasta 3,85% vexti. Fastir vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins. Skuldaraskipta að lánum eru háð samþykki stjórnar.
- 3.2. Lánin eru tryggð með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og geta sjóðfélagar valið um endurgreiðslur með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum frá 5 - 20 ára.

## 4. Lánsfjárhæð

- 4.1. Hámarks lánsupphæð á sjóðfélaga er 10 milljónir.

## 5. Veðtrygging

- 5.1. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði í eigu lántakanda, maka hans eða aðila sem hann er í sambúð eða staðfestri samvist með. Skilyrði er að lántakandi sé skráður sem einn af eigendum fasteignarveðsins. Ekki er lánað gegn veði í frístundarhúsum.
- 5.2. Ef fasteignaveð er ekki 100% í eigu lántakanda er honum og sameigendum hans að fasteignaveði skylt að fara í greiðslumat skv. lögum nr. 32/2009, um ábyrgðamenn. Veðhæfni miðast að hámarki við 75% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis og 35% af sérhæfðu atvinnuhúsnæði. Ekki má fara yfir 100% af brunabótamati eignar. Markaðsvirði eignar miðast við sölu- eða kaupsamning eða mat löggilds fasteignasala sem samþykktur er af Landsbankanum.

## 6. Lánsúmsókn og fylgigögn

- 6.1. Lánsúmsókn skal skila á því formi sem sjóðurinn ákveður hverju sinni.
- 6.2. Eftirtalin gögn skulu fylgja lánsúmsókn:
  - Nýtt veðbókarvottorð stimplað af sýslumanni.
  - Nýjar eftirstöðvar áhvílandi lána.
  - Afrit af tryggingarbréfum sem hvíla á eigninni ef við á.
  - Afrit af kaupsamningi hafi eign skipt um eigendur á síðustu tveimur árum, eða verðmat eignar frá löggiltum fasteignasala.
  - Upplýsingar um fasteignamat og brunabótamat.
  - Stjórn sjóðsins er heimilt að þrengja veðreglur, ef markaðsvirði eigna gefur tilefni til þess.

SP \$ Qu  
ccc  
MH

## 7. Mat á greiðslugetu og láns hæfi

- 7.1. Ef fjárhæð láns er 2 milljónir króna eða meira hjá einstaklingi og 4 milljónir króna eða meira þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða ber að framkvæma greiðslumat.
- 7.2. Ekki er skylt að framkvæma greiðslumat vegna láns samnings hafi slíkt mat verið framkvæmt á undangengnum 12 mánuðum að fenginni staðfestingu þess efnis frá lántaka að þær upplýsingar sem matið byggðist á hafi ekki breyst og fjárhagsstaða hans er ekki verri en þegar matið var framkvæmt.
- 7.3. Greiðslumat skal framkvæmt af viðurkenndri fjármálastofnun.

## 8. Kostnaður lántakanda

- 8.1. Lántakandi greiðir eftirfarandi gjöld í tengslum við lántöku hjá sjóðnum:
  - Lántökugjald (1% af lánsfjárhæð).
  - Þinglýsingarvottorð og þinglýsingargjald.
  - Kostnaður vegna láns hæfis- og greiðslumats.
  - Kostnaður við mat á fasteign sé þess þörf.
  - Kostnaður við skjalagerð.

## 9. Vanskil

- 9.1. Ef lán hefur verið 90 daga eða lengur í vanskilum er það sent í lögfræðinnheimtu.

## 10. Skilmálabreyting

- 10.1. Skilmálabreytingar á lánum eru háðar samþykki stjórnar.
- 10.2. Lántakandi ber allan kostnað af skilmálabreytingum.


## 11. Uppgreiðsla

- 11.1. Heimilt er að greiða upp sjóðfélagalán án uppgreiðsluálags.

## 12. Gildistaka

- 12.1. Lánareglur þessar öðlast gildi við staðfestingu stjórnar.

Samþykkt af stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands þann 25. september 2014.



The image shows five handwritten signatures in blue ink, each on a horizontal line. The signatures are: 1. A large, stylized signature that appears to be 'S. Jónsson'. 2. A signature that appears to be 'Guðrún'. 3. A signature that appears to be 'M. Jónsson'. 4. A signature that appears to be 'Sanna'. 5. A signature that appears to be 'Margrét Helgadóttir'.